

Miðstöð slysavarna barna

Er öryggi barna tryggt á heimilinu?

Farðu í gegnum gátlistann til þess að öryggi barna yngri en 6 ára sé tryggt á heimilinu. Gátlistinn virkar þannig að ef svarið við spurningunni er „**Já**“ er atriðið í lagi en ef svarið er „**Nei**“ þarf að lagfæra eða bæta úr viðkomandi atriði. Mælt er með að amma og afi skoði líka sitt heimili.

Eldhús

Já Nei

Eru hnífar, skæri og þess háttar áhöld geymd í hirslu með öryggislæsingunni?		
Er eldavélin fest við vegg?		
Er hurðin á bakaraofninum með kælingu þannig að hún hitni ekki að utan?		
Eru takkar á eldavél varðir þannig að barn komist ekki í þá?		
Er öryggislæsing á hurð bakaraofns?		
Er hlíf fyrir eldavélaborði/hellu eða eru eingöngu aftari hellurnar notaðar?		
Eru heimilistæki staðsett þannig að ung börn komist ekki að þeim?		
Er gengið frá snúrum þannig að barn geti ekki togað tæki yfir sig?		
Eru efni fyrir uppþvottavél og önnur hreinsiefni í efri skáp eða læstri hirslu?		
Eru lyf og vítamíntöflur í efri skáp eða læstri hirslu?		
Eru plastpokar og plastfilmur geymd þar sem börn ná ekki til?		
Er matarstóll barnsins með beisli?		
Er öryggislæsing á ísskápnum?		
Er hitastillir á blöndunartækjum í eldhúsi?		
Er oddi hnífa og hvassra áhalda snúið niður við frágang í uppþvottavél?		

Baðherbergi

Já Nei

Eru rakvélar og þess háttar áhöld geymd í hirslu með öryggislæsingunni eða efri skáp?		
Eru snyrtivörur og hreinsiefni í hirslu með öryggislæsingunni eða efri skáp?		
Er hálkumotta/strimlar í baðkari/sturtubotni?		
Er hitastillir á blöndunartækjum í sturtu, baði og handlaug?		
Eru hárpurrka og önnur rafmagnstæki geymd þar sem börn ná ekki til?		
Er skiptiborðið fest við vegg?		
Er skemill fyrir barnið við vask stöðugur?		
Er öryggislæsing á klósettsetu?		

Barnaherbergi

Já Nei

Er skápar, hillur og kommóður fest við vegg?		
Er loftljós í barnaherbergi úr óbrjótanlegu efni?		
Er vegglampi við rúm barnsins festur við vegg og snúrur hans festar með öryggisfestingum?		
Eru mottur á gólfi stöðugar?		
Eru leikföng heil og hæfa þroska og aldri barnsins?		
Er kjoja með fallvörn?		
Er bíl á milli þrepa á kojunni minna en 9 cm eða meira en 23 cm?		
Er bíl á milli rimla í rimlarúmi 6 cm eða minna?		

Stigar

Já Nei

Er öryggishlið fyrir stigaopum, bæði uppi og niðri?		
Er bíl á milli rimla minni en 9 cm?		
Er bíl á milli handriðs og gólfs minna en 9 cm?		
Eru þrep í stiga stöð?		
Ef op eru á milli þrepa, eru þau þá minni en 9 cm?		
Er handriðið hannað þannig að barn getur ekki klifrað í því?		
Er lágmarkshæð handriðs 90 cm?		

Gluggar og gler

Já Nei

Er opnanleg fög á gluggum minni en 9 cm?		
Eru stormjárn klemmufrí?		
Er öryggisgler í hurðum og borðum með glerplötu?		
Er búið að stytta snúrur í gardinum eða setja upp öryggishjól?		

Hurðir

Já Nei

Er klemmuvörn á útidyra- og svalahurð?		
Er pumpa á svalahurð?		
Er öryggislæsing á svalahurð?		
Er klemmuvörn eða fingravinur á innihurðum sem skellast í gegnumtrekk?		

Rafmagn og rafmagnstæki

Já Nei

Virkar lekastraumrofinn á heimilinu?		
Eru innstungur öruggar (ekki hægt að stinga inn í þær skörpum hlutum)?		
Eru gamlar innstungur með öryggislæsingu?		
Er sjónvarpstækið fest á flötinn sem það stendur á eða á vegg?		
Er þvottaherbergið læst?		
Eru rafmagnssnúrur veggjljósa fastar við vegg?		

Almenn öryggisatriði á heimilinu

Já Nei

Eru skarpar brúnir miðstöðvarofna varðar?		
Eru öryggishlífar á skörpum hornum á húsgögnum?		
Eru hillusamstæður og skápar fest við vegg?		
Eru skotvopn geymd óhlaðin og í læstum byssuskápum?		
Er sjúkrakassinn á aðgengilegum stað á heimilinu?		
Eru mottur á gólfum stöðugar og ekki undið upp á hliðar/enda?		

Brunavarnir á heimilinu

Já Nei

Eru eldspýtur og kveikjarar í hirslu með öryggislæsingu eða í efri skáp?		
Er til flóttáætlun fyrir heimilið t.d. ef eldsvoði kemur upp?		
Eru reykskynjarar á heimilinu og eru þeir virkir?		
Eru slökkvitæki á heimilinu sem virka?		
Er eldvarnateppi á heimilinu?		
Er virkur gasskynjari á heimilinu (þar sem gastæki eru notuð)?		
Er neyðarnúmerið 112 við símann?		
Kunna allir á heimilinu að hringja í Neyðarlínuna?		